

**Að byrja í leikskóla  
Handbók fyrir foreldra**

**Verið hjartanlega velkomin í leikskólann Álfaborg!**



**Virðing – Vellíðan – Vinátta**

**Leikskólinn Álfaborg**

**Sími 480-3050**

**<http://alfaborg.leikskolinn.is/>**



## Kæru foreldrar!

Um leið og við bjóðum barnið ykkar og ykkur velkomin í leikskólann okkar, viljum við upplýsa ykkur um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir ykkur að vita.

### Saga leikskólans

Leikskólinn Álfaborg var stofnaður í Sumarbúðunum í Skálholti í október 1986. Í fyrstu var hann rekinn af foreldrum og opnunartími var þrjú dagar í viku frá kl. 13-17. Í mars 1988 var ákveðið að starfsemi leikskólans yrði flutt í Birkilund þar sem hann var rekinn til vorsins 1990. Haustið 1990 tók Biskupstungnahreppur við rekstrinum af foreldrum og starfsemin flutt í húsnæði sem hýsti áður barnaskólann. Þá var skólinn opinn fimm daga vikunnar frá kl. 13-17. Árið 1991 var tekin upp átta tíma vistun. Þá bættist við heitur matur í hádeginu frá skólamötuneyti. Árið 1999 stækkaði leikskólinn lítilliga yfir í viðbyggingu sem voru áður kennarabústaðir. 2004 var öll sú viðbygging tekin í notkun og hýsti hún yngri deild leikskólans. Haustið 2008 var ákveðið að gefa deildunum nöfn og var horft til örnefna á Reykholtssvæðinu (í landi Stóra-Fljóts). Ákveðið var að yngri deildin hét Lambadalur og eldri deildin Krummaklettur. Árið 2019 opnaði þriðja deildin og ákveðið var að hún hét Smáholt.

Sumarið 2016 kom í ljós myglusveppur í leikskólanum og af þeim ástæðum þurfti leikskólinn að flytja í grunnskólann. Föstudaginn 18. október 2019 var svo loksins nýtt húsnæði leikskólans Álfaborgar vígt við hátíðlega athöfn. Börnin mættu í nýja leikskólann mánudaginn 21. október 2019.

Í dag er Álfaborg þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum tólf mánaða til sex ára.

Foreldrar geta meðal annars valið hvort börnin dvelji í fjóra eða fimm daga í viku.

Rekstraraðili er Bláskógabyggð. Skólanefnd er kjörin af sveitarstjóra og fer hún með málefni leikskólans í umboði sveitarstjórnar.

### Um leikskólann

Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli þar sem allt að 50 börn geta dvalist samtímis. Elsta deild leikskólans heitir Krummaklettur og dvelja þar tveir elstu árgangarnir í leikskólanum. Miðdeildin heitir Lambadalur en þar eru 2 árgangar og svo er Smáholt yngsta og nýjasta deildin okkar en þar byrja börnin sem koma inn 12 mánaða gömul.

### Reggio Emilia

Loris Malaguzzi var frumkvöðull og hugmyndasmiður leikskólastarfsins í Reggio Emilia á Ítalíu. Upphaf leikskólanna í Reggio Emilia á norður Ítalíu eiga sér sérstæða sögu sem hefst við lok seinni heimstyrjaldarinnar. Mæður risu upp og hófust handa við að byggja leikskóla til þess að börnin þeirra fengju betra líf. Þær vildu skóla þar sem börnin gætu þróað sjálfstæða hugsun og vinnubrögð. Þessi





starfsaðferð hefur heillað fólk víða um heim og eftir henni er starfað í mörgum leikskólum. Á Íslandi eru þó nokkrir leikskólar sem vinna og starfa í anda hugmyndafræði Reggio Emilia. Sálfræðingurinn og kennarinn Loris Malaguzzi var á móti stífum og stöðluðum uppeldiskenningum og taldi að þær ættu að geta tekið sífelldum breytingum samfélagsins. Einkunnarorð Reggio Emilia er að „Börn hafa hundrað mál en tekin eru frá þeim níutíu og níu.“ Í grófum dráttum er átt við að í Reggio eru börnin hvött til að nota málin sín hundrað. Þau fá að kanna umhverfi sitt með öllum skynfærum og tjá sig á sem fjölbreyttastan hátt t.d. með orðum, teikningum, tónlist, hreyfingu o.fl.

Sjónrænt uppeldi og áhersla á tilfinningar og tjáningu barnanna er stór þáttur í Reggio m.a. vegna þess að það er andstæðan við það að börnin séu einungis viðtakendur. Það hvetur til skapandi og virkrar hugsunar og eykur sjálfstæði barnanna og trú á þeirra eigin getu. Eitt af því sem einkennir þessa stefnu er sú virðing sem borin er fyrir hugmyndum barnanna og verkum þeirra. Þau taka sjálf þátt í að skipuleggja verkefni sín og starfið í heild. Áhersla er lögð á samtal barnanna sjálfra. Mikilvægt er að börnin rannsaki og velti fyrir sér hlutunum. Spurnarorðin hvað, hvernig og hvers vegna eru mikið notuð til að leiða samtöl og hvetja til virkrar hugsunar.

Mikil áhersla er á myndsköpun og taldi Malaguzzi að í henni færi fram mikið nám. Aðaláherslan í myndsköpun er á sköpunarferlið sjálft, það sem gerist á meðan barnið er að skapa. Mikilvægt er að sýna verkinu virðingu og jákvæða athygli.

Uppeldisleg skráning er mikið notuð í leikskólum sem vinna í anda Reggio. Skráningin getur haft góð áhrif á starfið því hún gefur miklar upplýsingar t.d. um kunnáttu, áhugasvið, hvernig barnið stendur sig svo eitthvað sé nefnt. Skráningin gefur einnig foreldrum sem og öðrum sem koma að barninu gleggri mynd af því hvað og hvernig börnin læri og jafnvel hvernig sé hægt að læra af þeim.

Í Reggio er unnið með þema. Þá er eitthvað eitt tekið fyrir í einu t.d. dýr, náttúra, víkingar o.s.frv. Síðan er viðfangsefnið skoðað ofan í kjölinn, frá mörgum sjónarhornum og reynt er að virkja öll skilningarvit barnanna til að dýpka vitneskju þeirra um viðfangsefnið.



Leikskólinn gefur út dagskipulag á hverju hausti þar sem skipulag deildanna kemur fram og rammi skólustarfsins. Þar koma fram matmálstímar, hópastarf, hreyfing og önnur hagnýt atriði.

### Þátttökuaðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og af þeim ástæðum er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig tekst til í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Á meðan

á aðlöguninni stendur er mikilvægt að foreldrar kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum. Með því er verið að leggja góðan grunn að framtíð barnsins. Í leikskólanum Álfaborg notum við aðferð sem kallast þátttökuádlögun í aðlögun nýrra barna. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman, staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er þátttökuádlögun. Hún byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í



leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað.

Við þátttökuaðlögun er tiltekinn dagur upphafsdagur leikskólans og þann dag mæta foreldrar og börn sem eiga að byrja í leikskólanum. Fundað er með foreldrum áður en aðlögunin hefst og þeir búnir undir það sem framundan er. Á fyrsta degi eru foreldrarnir alveg með barnið og kennarinn er til hliðar. Kennari og foreldrar spjalla saman og þannig myndast traust milli foreldra, kennara og barns. Á öðrum degi er kennarinn meira með barninu og foreldrar færa sig fjær. Á þriðja degi er foreldrið alveg til hliðar og kennarinn sér alfarið um að sinna barninu. Foreldrarnir eru inni á deild með börnum allan tímann nema þegar þau sofa. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldrana og eru svo allan daginn. Einstaka börn hafa foreldra sína með sér í fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá. Auðvitað verða foreldrar að vera viðbúnir að stytta daga barnanna ef þörf er á.

Þátttökuaðlögun byggist m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum, þeir sjái starfsfólk í verki og kynnast ekki bara starfsfólki heldur öðrum börnum og foreldrum.

Þegar börn flytjast á milli deilda sjá deildarstjórar viðkomandi deilda um aðlögunina í samráði við foreldra.

## Stundaskrá

Markmið með stundaskrá er að skapa öryggi og festu í daglegu lífi barna. Uppeldisstarfið verður skipulagðara og kemur í veg fyrir upplausn.

8:00	Leikskólinn opnar
8:00-8:30	Morgunmatur
8:30-9:30	Frjáls leikur
9:30-10:00	Ávextir og samverustund
10:00-11:00	Hópastarf og útivist
11:30-12:30	Hádegismatur og hvíld
12:30-14:30	Hópastarf og útivera
14:30-15:30	Síðdegishressing
15:30	Frjáls leikur
17:00	Leikskólinn lokar



Foreldrar fá afhenta nánari stundarskrá fyrir barnið hjá deildarstjóra hverrar deildar þegar barnið byrjar í leikskólanum.

Frjálsi leikurinn er í hávegum hafður í leikskólanum. Hann er okkar kennsluáðferð því öll börn læra í gegnum leikinn. Frjáls leikur og útivist er alla daga fyrir og/eða eftir hádegi. Hér á eftir getur þú séð nánari uppsetningu á dagskipulagi deildana sem og hópaskiptingu.



## Hópastarf

Deildirnar þrjár fara í hópastarf en það samvinnast af tónlist, málörvun og myndlist sem og öðrum skemmtilegum þáttum. Á hverju hausti velja hóparnir sér þema. Oft er það svo að þemað smitar út frá sér og verður sem eitt þema í húsinu. Hver hópur getur þó útfært sínar hugmyndir og sína túlkun á þemanu. Í maí á hverju ári er opnuð sýning fyrir gesti og gangandi þar sem afrakstur vetrarins er kynntur. Taka skal þó fram að þemað er ekki einungis unnið í ákveðnum hópastarfsstundum. Hugsunin er að gera sem mesta samfellu úr starfinu og getur þemað teygst sig yfir í allar stundir dagsins.

## Hreyfing í íþróttahúsi og sal í leikskóla

Hver deild á leikskólanum hefur aðgang að íþróttahúsinu einu sinni í viku þar sem hópstjóri stýrir skemmtilegri hreyfistund. Hafa skal í huga aðalnámskrá leikskóla þar sem okkur er gert að hugsa út fyrir kassann og sjá tækifærin í augnablikinu. Hvað er í rauninni hreyfing? Er hún einungis skipulögð stund einu sinni í viku í einhverjum sal? Hvað er útivistin? Hvar fá börnin hreyfingu? Hver deild hefur einnig aðgang að matsal sem auðveldlega er hægt að breyta í hreyfisal þegar hentar og hægt er að nýta nánast hvenær sem er yfir daginn og þegar veður er of vont til að hægt sé að fara út.

## Vettvangsferðir og útinám

Í Álfaborg leggjum við mikið upp úr því að fara í vettvangsferðir. Þá fer hver hópstjóri með sinn hóp eða fleiri saman í einhverja skemmtilega upplifunarferð.

## Matar- og kaffitímar

Það skiptir miklu máli fyrir líðan barna að fá góða næringu og þess vegna er lögð áhersla á að börnin fái fjölbreyttan og hollan mat í leikskólanum. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem lögð er áhersla á að öllum líði sem best. Kennarar borða með börnunum og er áhersla lögð á að börnin læri almenna kurteisi og borðsiði. Í matartímum fá börnin að kynnst hvernig flæði virkar. Með flæði er átt við að þau læri að skammta sér sjálf á diskana, læri á sitt magamál, fái að velja sér sjálf sæti, nota gaffal og hníf, hella í glasið sitt og aðstoða hvert annað. Börnin læra smátt og smátt að ganga frá eftir sig þegar matartíma lýkur sem eykur sjálfsstæði þeirra. Börnin taka þátt í þeim máltíðum sem eru á dvalartíma þeirra. Allur matur kemur frá mötuneytinu í Aratungu. Mötuneytið leggur áherslu á að sækja og nýta mat sem kemur úr nærumhverfi okkar.

## Hvíld

Hvíld er börnum nauðsynleg og er lögð áhersla á að börnin fari í hvíld þegar hádegismat lýkur og er til klukkan 13:00. Börnunum er skipt í hópa í hvíldinni. Elsta deild og miðdeild hlusta á sögu, rólega tónlist eða kennari les fyrir þau. Börnin fá tækifæri til að leggjast niður og hvíla sig á meðan þau hlusta. Yngsta deildin fer að sofa og fá börnin að leggjast eins og þau vilja eða þann tíma sem foreldrar fara fram á.





## Söng- og samverustund

Þá eru lesnar sögur, farið með kvæði og sungið. Með yngri börnunum er áhersla lögð á söngva með hreyfingum. Eitt barn er söngstjóri og skiptast börnin á um það hlutverk. Lögnum er skipt út mánaðarlega og er reynt að hafa árstíðabundin lög með ásamt öðrum. Í hverri viku er sameiginleg söngstund í sal þar sem allir sitja saman og syngja, hlusta og taka þátt í

## Leikföng

Ekki er æskilegt að börnin komi með leikföng að heiman. Á auglýstum „dótadögum“ mega börnin koma með leikföng með sér í leikskólann og hafa skal í huga að þau séu vel merkt barninu.

## Fatahengi

Í fataherberginu læra börnin smátt og smátt að klæða sig sjálf og eru aðstoðuð eftir þörfum. Þau eru hvött til að reyna sjálf og er hrósað fyrir hvern unnin sigur á smellum, tölum, húfum eða fara í og úr stígvélum. Það er stór áfangi hjá öllum börnum að verða sjálfbjarga. Börnin læra einnig að ganga frá fötunum og hafa snyrtilegt í kring um sig.

## Útivera



Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Útivera er holl öllum börnum. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt og rysjótt en við því er ekkert að gera. Þess vegna er íslenskum börnum frá blautu barnsbeini hollt að venjast veðráttunni eins og hún er. Ekki er hægt að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir ef foreldrar telja að barnið sé að veikjast. En hægt er að óska eftir að barn sé inni eftir veikindi og þá í einn dag ef aðstæður í leikskólanum leyfa það.

## Klæðnaður barna, úti og inni

Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér aukaföt. Einnig þurfa þau að hafa með sér útiklæðnað eftir veðri. Hafa ber í huga að veðrabreytingar geta verið örar í Bláskógabyggð og stundum þarf að nota bæði regn- og snjógalla sama daginn. Einnig er gott að muna að leikskólinn er vinnustaður barnanna og unnið er með málningu og önnur efni sem ekki er gott að ná úr fötum. Þess vegna er betra að börnin komi ekki í sínum bestu fötum í leikskólann. Nauðsynlegt er að taka heim óhrein og blaut föt á hverjum degi og koma með ný í hólf til þess að barnið hafi ávallt hrein og þurr föt í leikskólanum.

Mikilvægt er að merkja föt barnanna, sérstaklega yfirhafnir og stígvél. Það eru líka minni líkur á að föt tapist ef þau eru merkt. Einnig biðjum við um að hólf barnanna í fataklefa verði tæmd í lok hverrar viku svo hægt sé að þrifa þau. Gott að fylgjast vel með hvort að það vanti aukaföt og fylla hólfid eftir þörfum.



## Fjarvistir, slys og veikindi

Börn í leikskólum Bláskógabyggðar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn verður fyrir slysi, eða veikist, er haft samband við foreldra. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið beint með barnið á heilsugæslustöð. Trygging tekur ekki til óhappa sem verða á fötum barnsins eða öðru sem það hefur með sér í leikskólann.

Ef barnið kemur ekki í leikskólann, vinsamlega látið okkur vita fyrir kl 09:00. Mikilvægt er að fá upplýsingar um breytingar í lífi barnsins til þess að við getum brugðist við ef barnið sýnir breytta hegðun í leikskólanum, s.s. breytta fjölskylduhagi, fjarveru forelda, utanlandsferðir o.fl.

Leikskólastarf í Álfaborg er skipulagt með það í huga að öll börn geti tekið þátt í starfinu, bæði úti og inni. Veik börn eiga ekki að vera í leikskólanum. Börn þurfa að vera minnst einn dag heima hitalaus, eftir veikindi. Ef aðstæður í leikskólanum leyfa, þá er heimilt að hafa börnin inni einn dag eftir veikindi. Athugið að barnið getur líka verið lasið þótt hiti sé ekki merkjanlegur. Foreldrar verða að meta hvort barnið er nógu hressst til að takast á við „vinnudag“ í leikskólanum. Ef barnið má ekki vera úti eftir veikindi fer það ekki heldur í íþróttir í íþróttahúsi.

Ekki er æskilegt að kennarar séu beðnir um að gefa börnum lyf og fylgjum við leiðbeiningum frá Heilsugæslustöð Laugaráss hvað það varðar. Til þess að geta orðið við beiðni um sérfaði þarf vottorð frá lækni því til stuðnings.

## Afmæli

Þegar barnið á afmæli er sett mynd af barninu í anddyrið. Gerð er kóróna sem barnið er með yfir daginn og fær að taka með sér heim. Auk þess fær barnið skjal með heillaóskum og tekin er mynd af barninu og sett inn á facebook síðuna. Barnið fær að sitja í kennarastól og vera söngstjóri í söngstund. Ennfremur fær afmælisbarnið að velja bókina sem er lesin. Barnið er í brennidepli allan daginn og þetta verður einstakur dagur þar sem áherslan er lögð á að gera daginn sem eftirminnilegastan. Ef barnið á afmæli um helgi þá er annað hvort haldið upp á daginn fyrir eða eftir umrædda helgi og ef barnið á afmæli þegar það er jóla eða sumarfrí, þá er haldið upp á afmælið fyrir eða eftir fríð allt eftir því hvenær barnið á afmæli.



## Dvalartímar

Leikskólinn reynir að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar að því marki að það komi ekki niður á starfsseminni eða börnunum. Ef foreldrar óska eftir breytingu á eða viðbót við dvalartíma barnsins sækja þeir um hjá leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar.



## Greiðsla leikskólagjalda

Dvalargjöld eru innheimt með gíróseðli. Dvalargjald er greitt fyrirfram með gjalddaga 1. hvers mánaðar og er eindagi 20 dögum síðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga er send ítrekun sjö dögum seinna, en 50 dögum eftir gjalddaga fara ógreiddir gíróseðlar til frekari innheimtu sem hefur í för með sér stóruaunninn kostnað fyrir greiðandann. Hafi vanskil varað lengur en 3 mánuði varðar það missi leikskólalássins. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Ef barn er fjarverandi vegna veikinda eða annarra orsaka, greiða foreldrar fyrir leikskólarýmið, en geta óskað eftir því að fæðishluti gjaldsins falli niður vari fjarvistir meira en hálfan mánuð samfleytt.

## Starfsdagar

Starfsdagar leikskólanna í Bláskógabyggð eru fimm á ári. Starfsdagana nota starfsmenn til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta starf sitt. Þeir nýtast einnig í námskeið og fyrirlestra. Leikskólinn er lokaður á starfsdögum. Í ágúst er einn áður en leikskólinn opnar. Í byrjun október er haustþing leikskólastarfsmanna. Þá hittist allt starfsfólk leikskóla á Suðurlandi á Hótel Selfossi þar sem það situr hina ýmsu fyrirlestra. Sjá má dagsetningar starfsdaga á skóladagatali leikskólans sem gefið er út fyrir hvern vetur.

## Sumarleyfislokun

Leikskólinn fer í sumarleyfi frá 1. júlí – 6. ágúst að báðum dögum meðtöldum. Foreldrar geta sótt um allt að fjórar vikur til viðbótar í sumarfrí og greiða þá aðeins hálfgrunnjald á meðan. Skal þá heildarsumarfríð vera samfellt og sótt um á sérstöku eyðublaði til leikskólastjóra áður en sumarleyfi hefst.



## Jólaleyfi

Á aðfangadag og gamlársgangur er lokað í leikskólanum. Á milli jóla og nýárs er opið en vegna skipulags og mötuneytis þurfum við að vita fjölda barnanna sem ætla að dvelja í Álfaborg þessa daga. Nánar auglýst í desember.

## Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn félagsins á haustfundi leikskólans. Markmið foreldrafélagsins er að styðja og styrkja uppeldisstarfið sem unnið er í leikskólanum. Foreldrar greiða ákveðna upphæð í sjóð sem notaður er til að auðga leikskólastarfið. Sem dæmi má nefna leiksýningar, skemmtiferðir, grilldag og margt fleira.





## Foreldraráð

Vorið 2008 voru ný lög sett á alþingi um leik, grunn og framhaldsskóla og ráðningu og menntun kennara. Í lögnum er kveðið á um að hver leikskóli eigi að kjósa í foreldraráð í september ár hvert og er kosið til eins árs í senn. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Hlutverk foreldraráðsins er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur einnig umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Foreldrafundir og viðtöl

Foreldrafundur með foreldrum og starfsfólki leikskólans er haldinn á haustin og er starfsemi vetrarins kynnt. Foreldraviðtöl eru skipulögð tvisvar sinni á vetri þ.e. í október og mars. Að auki er sjálfsagt að fá aukaviðtöl ef þörf er á, ef það er eitthvað sem ykkur liggur á hjarta. Einnig köllum við foreldra í viðtal ef okkur finnst ástæða til.

## Samstarf leikskóla / grunnskóla

Samstarf leikskólans og grunnskólans er þannig að elstu börn leikskólans fara í heimsókn í grunnskólann einn morgun í hverri viku. Þannig skapast samfella milli skólastiga og auðvelda heimsóknirnar leikskólabörnum skólabyrjun í grunnskólanum. Börnin kynnast húsnæðinu, aðlagast grunnskólanum og þeim reglum sem þar gilda. Börn á unglíngastigi í grunnskólanum geta auk þess kosið að vera í vali hér í leikskólanum og er það partur af námi þeirra að velja það.

## Skólapijónusta

Við höfum aðgang að sérfræðingum hjá Skóla- og velferðapijónustu Árneshöfna og leitum þar aðstoðar s.s. talmeinafræðings og sálfræðings ef þörf er á. Ekki er leitað til sérfræðinga nema með samþykki foreldra. Foreldrar geta einnig leitað til deildarstjóra/leikskólastjóra ef það hefur áhyggjur af barni sínu og telji mögulegt að það þurfi á sérfræðiaðstoð að halda.


## Lög og reglur

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnareyði um leikskólabörn og foreldra þeirra. Starfsfólki er ekki heimilt að ræða málefni barna við aðra foreldra. Starfsfólk mismunar ekki börnum eftir útliti, klæðaburði eða stöðu foreldra.

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og rekstri leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu í samvinnu við leikskólastjóra.

Leiðbeinendur starfa í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra að uppeldisstarfinu í leikskólanum.





Einnig starfa í leikskólanum starfsmaður í eldhúsi og ræstítæknir.

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta við að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Til þess að börn njóti sín sem best miðað við þroska og þarfir skal starfsfólk leikskóla grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur.

Leikskólinn Álfaborg vinnur samkvæmt lögum og reglum um leikskóla:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html> og samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>

Starfslýsingar kennara er að finna hér: <https://www.ki.is/kjaramal-og-styrkir/kjarasamningar/felag-leikskolakennara/>

### **Heimasíða og upplýsingastreymi til foreldra**

Í Álfaborg er notast við Karellen en það er app sem foreldrar geta sótt sér og hægt er að eiga gagnvirk samskipti við starfsfólk leikskólans, senda skilaboð, sjá matseðil, svefn, hve mikið þau hafa borðað, skrá þau í leyfi eða veikindi og fleira. Auk Karellen er notast við heimasíðu leikskólans til að koma skilaboðum til foreldra, tölvupóst og upplýsingar á Facebooksíðu hvernar deildar. Þar að auki eru starfsmenn duglegir að tala við foreldra og miðla upplýsingum í gegnum síma eða með spjalli þegar verið er að koma með börn eða sækja.

**Með ósk um farsælt samstarf!**

**Kveðja, starfsfólk Álfaborgar!**

